

SKN-03	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 26.04.2022		
Höfundur: AMB		
Samþykkt: GEA		
Síða 1 af 2	Fundargerð Skólanefndar MK #3	

Mættir: Guðríður Eldey Arnardóttir skólameistari, Guðmundur Birkir Þorkelsson formaður skólanefndar, Anna María Bjarnadóttir, Svandís Dóra Einarsdóttir, Steinþór Jónsson, Eysteinn Pétur Lárusson og Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara.

Forfallaðir: Guðný Karen fulltrúi foreldra og Halla Margrét Hilmarsdóttir (fulltrúi nemenda).

Staður: MK (N101).

Tími: 12:15- 13:15.

Dagsetning: 26.04.2022.

Fundarefni: Stofnun ársins og starfsmannamál

Efnisatriði	Ábyrgð/dags. lokið ef við á:
1. <i>Fundur settur.</i> Guðmundur Birkir Þorkelsson formaður skólanefndar setti fundinn kl. 12:20.	<i>GBP</i>
2. <i>Stofnun ársins 2021.</i> Guðríður Eldey skólameistari upplýsti skólanefnd um að MK hefði mælst frekar neðarlega (stofnanir með 90 starfsmenn eða fleiri) í árlegri könnun Sameykis: <i>Stofnun ársins</i> þar sem mæld er starfsánægja á meðal félagsmanna Sameykis hjá viðkomandi stofnun fyrir liðið starfsár. Umræður sköpuðust í kjölfarið þar sem farið var yfir stöðuna, mögulegar ástæður og lausnir. Skólameistari upplýsti um að Gallup muni koma að greiningar- og úrbótavinnu og verða stofnaðir vinnuhópar úr röðum starfsmanna sem munu koma að þeirri vinnu. Einnig eru framundan starfsdagar bæði í vor og komandi haust, sem vonandi skila sér í aukinni starfsánægju. Skólameistari mun halda skólanefnd upplýstri um stöðu mála.	<i>GEA</i> <i>Skólanefnd</i> <i>GEA</i>
3. <i>Starfsmannamál.</i> Skólameistari upplýsti skólanefnd um að aðstoðarskólameistari MK hefði sagt starfi sínu lausu og því hafi starfið verið auglýst laust til umsóknar frá og með 1. ágúst 2022. Umsóknarfrestur er til 2. maí nk. Áfangastjóri verknáms er einnig á leið í leyfi og því þarf að finna tímabundna afleysingu í hans stað.	<i>GEA</i>

SKN-03	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 26.04.2022		
Höfundur: AMB		
Samþykkt: GEA		
Síða 2 af 2	Fundargerð Skólanefndar MK #3	

4. Önnur mál a) Skólameistari upplýsti um að talsvert brottfall væri úr námi á yfirstandandi önn. Mæting nemanda hefur líka verið með verra móti. Margt má rekja til Covid (síendurtekin sóttkví, einangrun og veikindi því tengt). b) Umræða spannst um jafnréttismál, aukin áhersla er lögð á að taka tillit til fólks af öllum kynjum og þ.á.m. „hán“. c) Umræða skapaðist um markaðs- og ímyndarmál og hvernig mætti styrkja markaðssetningu á skólanum. Innritun lýkur 10. júní nk. og þá kemur í ljós hvort að aðsókn í iðnnáms og framreiðsludeildir hefur ekki aukist, þar sem núna er ferðamannaiðnaðurinn að taka við sér og allt því tengt að fara á fullt. d) Formaður lagði til að næsti fundur skólanefndar yrði haldinn um miðjan maí, stefnt að því.	<i>GEA</i> <i>GEA</i> <i>Skólanefnd/ GEA</i> <i>GBÞ</i>
--	---

Fundi slitið. Formaður sleit fundi kl. 13:40.

Fundargerð hélt: Anna María Bjarnadóttir